

Alheimsmót skáta í Suður-Kóreu 2023

Fyrsta upplýsingabréf



Bandalag íslenska skáta myndar nú fararhóp á 25. Alheimsmót skáta sem verður haldið í Suður Kóreu sumarið 2023. Nánar tiltekið í SaeManGeum. Fararstjórar eru í dag Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir og Guðjón R. Sveinsson og fleiri skátar munu að öllum líkindum bætast við hópinn en fjöldi fararstjóra ræðst af stærð fararhópsins á mótið.

Mótið fer fram dagana 1. – 12. ágúst 2023, áætlað er að fara út nokkrum dögum fyrir mót út og nokkrum dögum eftir mót úti. Skátar sem eru fædd eru frá 22. júlí 2005 til 31. júlí 2009 geta gerst þátttakendur á alheimsmóti skáta 2023. Mótið gefur því miður engar undanþágur frá þessum dagsetningum fyrir þátttakendur.

Þau sem hafa áhuga á að vera sveitarforingjar eða að bætast í hóp fararstjórnar [geta skilað inn umsókn fyrir hlutverkinu](#) á þessari síðu umsóknarfrestur er til og með sunnudeginum 10. Apríl 2022. Í umsóknarforminu má líka finna hlutverkalýsingu, skyldur og ábyrgð og hæfniskröfur.

Mótsvæðið hefur verið sérstaklega byggt upp til þess að halda stórmót og er hið glæsilegasta. Áhersla svæðisins er útivera og sjálfbærni en svæðið er útbúið með það að leiðarljósi. Á alheimsmót skáta koma rúmlega 50.000 manns frá ólíkum löndum, heimsálfum og menningarheimum til þess að kynnast nýrri menningu, upplifun og fólki.

Við viljum gjarnan koma og kynna fyrir ykkur mótið og hvað það felur í sér og óskum því eftir tillögum af dagsetningum sem hentar ykkur og ykkar félagi fyrir slíka kynningu. Hentugast væri að hafa kynningu sem fyrst og að sjálfsögðu er í boði að vera með fjarfundi ef þess er óskað. Kynningin er ætluð fyrir alla skáta, foringja og sjálfboðaliða ásamt foreldrum. Endilega sendið póst á hrafnhildur@skatarnir.is með tillögum að tímasetningum.

Við bendum einnig á [facebook síðu hópsins](#) sem væntanlega mun stækka og dafna þegar fram líða stundir en þar munum reglulega senda frá okkur upplýsingar og fróðleik um mótið og fararhópinn.

Skátakveðja

Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir
Guðjón R. Sveinsson

